

Friðrik Dungal:

Opið bréf til Helga Hálfðanarsonar

Ágætur orðsnillingur og lyfjafræðingur!

Í sambandi við grein þína í Morgunblaðinu 11. þ.m. sem þú nefnir „Hvað heitir maðurinn“, langar mig til þess að staldra aðeins við og benda þér á nokkur atriði sem mér finnst að þú hafir ekki skoðað í réttu ljósi. Til þess að fyrirbyggja allan misskilning, vil ég taka það fram, að eftirfarandi er ritað í fullri vinsemd og langt frá því að í mínum huga felist nokkur höffjóður sem orsaka mætti blóðjárnungu. Slíkt væri mikið vanþakklæti frá minni hálfu, eftir allar þær ánægjustundir sem ég hefi haft af lestri verka þinna. Er mér ljúft að færa þér þakkir mínar.

En snúum okkur þá að efninu. Þú talar um að við Íslendingar eigum að nota sem flest erlend manna- eða staðarnöfn þannig, að gömul íslensk orð séu í fyrirrúmi, eða þá að þýða þau á íslensku. Síðan ferð þú ýmsum orðum um þetta og þegar ég las meira, fór einhver ónotaleg tilfinning um mig.

Þú byrjar á Juan Carlos Spánarkonungi og Margréti Danadrottningu. Spánarkonungur um-

skírir þú strax á íslensku og kallar hann Jóhann Karl. Til hvers var þá verið að skíra barnið ef að löngu seinna koma einhverjir sérvitringar úti í heimi og kalla manninn allt öðrum nöfnum. Síðan er, sennilega sem andstæða, hneykslast á því að Danadrottning skuli vera kölluð Margrét, en ekki Margarete. Margrétar nafnið hefir verið sem slíkt svo fast í málinu, allar götur síðan á tólftu öld, að ekki er óeðlilegt að það sé notað, enda munurinn sára lítill. En þá vaknar sú spurning, hvort við eigum að nota þetta gríska nafn. Samkvæmt kenningu þinni gætum við talað íslensku og sagt bara Perla og umskírt allar Margrétar. Já, það er skammt öfganna á milli.

Þegar ég var við nám í Þýskalandi eignaðist ég marga góðkunningja og vini. Skírarnafn mitt Friðrik er auðvitað af þýskum uppruna og nafnið Friedrich afar þekkt sem kunnugt er. Þessir ágætu vinir mínir fóru að kalla mig þýska nafninu, sem þér hlýtur að finnast sjálfsagt. En ég var fljótur að segja þess. Ég tilkynnti þeim á stuttan

en ákveðinn hátt, að ég væri skírður Friðrik og það leyfði sér enginn þeirra oftast en í hæsta lagi tvisvar að nota þýska nafnið. Annadhvort er maður kallaður sínu rétta skírarnafni eða ekki. Vesalings Spánarkonungur. Vonandi fréttir hann aldrei hvernig farið er með nafnið hans hér.

Til fróðleiks vil ég geta þess, að þulir í vestur-þýska útvarpinu og sjónvarpinu verða að nota öll manna- og staðarnöfn á frummálinu. Þeir eru einfaldlega ekki ráðnir í starfið ef þeir hafa ekki menntun til slíks.

Svo vill til, að ég hefi ferðast töluvert erlendis og meðal annars fleiri þúsundir kílómetra í bíl. Undir slíkum kringumstæðum er landakortið nauðsynlegasta hjálpartæki til þess að komast leiðar sinnar. Þar standa öll nöfn á hverjum bæ og hverri borg, fjalli o.s.frv. En þá er vonlaust að leita að þessum íslensku nöfnum. Þar standa ekki nöfn eins og Niðarós, Björgvin, Óðinsvé, Hróarskelda, Kænugarður, Mikligarður, Rúðuborg, svo ég noti þína eigin upptalningu. Þar standa nefni-

lega réttu nöfnin. Mér finnst sanngjarn og eðlilegt að lofa þeim að vera í friði. Hitt er annað, að það sakar auðvitað ekki að vita um þessi fornu nöfn. En þau heyra sögunni til og eru til einskis annars. Það hefir oft farið í taugarnar á mér að hlusta á útlendinga bera fram orðið Reykjavík. Til eru óteljandi afbrigði, svosem Reykjavíckk, svo eitthvað sé nefnt. En þegar ég á stríðsárunum hlustaði á Amerikanana tala saman, þá hrökk ég óþægilega við þegar þeir töluðu um höfuðborgina okkar og kölluðu hana Smoky

Bay. Þá sór ég þess dýran eidd að hvert sem ég færi þá skyldi ég alltaf nefna staðina réttum nöfnum. En auðvitað var okkur máttulega í rass rekið. Það er einmitt þetta sem við sjálfir erum alltaf að gera.

Þú minnst á erlend nöfn í grein þinni og nokkrar þýðingar á þeim, svosem Paul LaCour, sem Páll Lágkúra. Charles Beudelaire sem Karl Bjó til leir. Þetta finnst þér þrýðilegt. Sjálfum finnst mér þetta barnalegt bjáneli og þykir leitt að til séu fullorðnir menn með svona

Helgi Hálfðanarson:

Hvað heitir maðurinn?

Nýlega skýrði Morgunblaðið svo frá, að Danadrottning og Spánarkonungur hefðu ekkert saman í vagni um götur Kaupmannahafnar. Enda þótt hér hafi eflaust verið um stórtíðindi að ræða, hnaut ég um þessu tölum Danadrottning nefnd Margrét en Spánarkonungur Juan Carlos. Að undanförnu hafa íslenskir fjölmiðlar ekki verið á eitt státtir um nafnið á konungi þessum. Hann hefur ýmist verið nefndur Carlos eða Jóhann Karl, og hið skipst í tveir um þessi

flestir virðast mér hafa áttátt sig á, hvílið þetta væri. Það er samsé ekki aðeins um það að ræða, hvort við segjum Taivan fremur en Formósa, eða skrifum Lisboa fremur en Lissabon, heldur einnig, hvort við eigum að leggja fyrir róa íslensk heiti, sem við höfum tíðkað öldum saman og ýmist notað einvörðungu eða ásamt nöfnum heimamanna með hæfðingu eða án hennar, nefna t.d. norsku heina Björgvin, Stafangur og Niðarós aldrei annað en Bergen, Stavanger og Trondheim; eða dönsku heina Álaborg, Öbingsvé og Hróarskeldu

erlend staðarnöfn hafa gert sig svo heimakomin í íslensku máli við hlíf fornra íslenskra nafna, að vel má líta þau sömu augum og tökuorð og nota þau jöfnum og stíl, hvort nafnið við veljum heldur hverju sinni, t.d. hvort við segjum fremur Lundúnir eða London, Brinnar eða Bremen, Málmaugur eða Malmö, Róða eða Rouen, Kænugarður eða Kief, Algeirsborg eða Algier, Mikligarður eða Konstantínópel. Líku máli gegnir um önnur staðarnöfn, heiti á fjöllum, fljótum, héruðum. Við látum stíl ræða, hvort við segjum eða

Leikdómur um sjónleik í svörtu og hvítu

Inngangur

Svei mér ef Þorsteinn Sæmundsson er allur þar sem hann er séður. Í tilefni þess að Vigdís Finnbogadóttir hefur nú boðið sig fram í forsetakjör, þá tekur hann sig til og skrifar sjónleik um Vigdís þar sem hann tengir hana „mestu rögs- og svívirðingarherferð í sögu íslenskrar blaðamennsku“. Fyrst taldi ég mér trú um að hér væri á ferðinni ókarklannleg og ódrengileg aðför viðkvæmrar sálar. En eftir að Ólafur Pálsson hefur svarað grein Þorsteins, sem sjálfur svarar strax um hæl rétt eins og hann sé hræddur um að slitni upp úr umræðunum, þá þykist ég nú vita að annað býr undir: Þorsteinn er náttúrulega stuðningsmaður Vigdísar, og svo eldheitur að hann ætlar að sjá til þess að dagblöðin fyllist af lofgreinum um hana það sem eftir er fram að kosningum.

Ég á ekki orð til að lýsa aðáun minni yfir svo snjallri og lævisri hugmynd. Og því síður get ég setið á mér að veita Þorsteini liðsinni í svo frumlegri kosningabaráttu.

Nú vill svo til að Vigdís er ekkert gefið um lofgreinar og allra síst um sjálfa sig. En þar sem góður hugur fylgir máli okkar Þorsteins er engu að síður vonandi að hún taki viljann fyrir verkið.

Ég ætla því að láta sem ekkert sé; setjast í stól leiklistargagnrýndans og gagnrýna sjónleik Þorsteins. Ég hef að vísu ekki setið þar áður, en hitt kemur á móti að Þorsteinn er sjálfur leikmaður í leikhúsmálum og sjón-

leikur hans „Frá Keflavík til Bassastaða“ er frumraun hans í þeim efnum, eftir því ég best veit.

Þess má svo geta að Þorsteinn er stjórnufræðingur að mennt og starfi, og virðist ekki af veita þegar haft er í huga hversu langsóttar sumar aðdróttanir hans eru.

Stjórnmálaafskipti og stjórnmálaflokkar

Þorsteinn hefur sjónleik sinn á ómaklegum aðdróttunum um það að Vigdís sé óhreinskilinn gagnvart fólkinu í landinu. Til þess notar hann víðtöl Vigdísar sem dagblaðið Vísir birti 27. mars sl. Í þessu víðtali er Vigdís spurð hvort hún hafi haft afskipti af stjórnmálum. Hún svarar því til að hún hafi aldrei verið í neinum stjórnmálaflokki, og bætir síðan við að henni sé illa við þá viðleitni manna að draga fólk í dilka fyrst og fremst eftir stjórnmálaskoðunum. Henni hins vegar sást yfir það sem í huga Þorsteins er kjarni málsins: Hún hefur þrisvar sinnum á lífsleiðinni haft afskipti af deilunni um herstöðina á Miðnesheiði. Eina sinni með því að ganga Keflavíkurgöngu fyrir níttján árum. Öðru sinni með því að vera kosin í undirbúningsnefnd fyrir Reykjavíkurgöngu hernámsandstæðinga fyrir þrettán árum. Og í þriðja skiptið með því að öðrum framámönnum í íslensku menntalífi, áskorun um brottför hersins. Ja, sér er nú hver sakargiftin!

En snúum okkur nánar að

svari Vigdísar og meintri óhreinskilni hennar.

Þá er fyrst til að taka, að þegar Þorsteinn skrifar sjónleik sinn, hafði Vigdís þegar lýst því yfir að hún væri á móti her, hérlendis sem erlendis. Þorsteini ætti ekki að verða skotaskuld úr því að hafa upp á þeim ummælum, m.a. í Helgarpóstinum. Annað eins grefur hann upp.

Í annan stað er þess að geta að ekkert er í rauninni eðlilegra en að Vigdís komi stjórnmálaflokkar og starfsemi þeirra fyrst í hug, þegar spurningu ber á góma um stjórnmálaafskipti. Orðið tjórnmál, — og þá stjórnmálaafskipti, — eru langt frá því að hafa skýra merkingu í hugum manna, enda hafa fræðimenn glímt við merkingu orðsins um áratugaskeið, án álitlegs árangurs að því er virðist.

Ég er nokkuð sannfærður um að á Íslandi tengi menn stjórnmálaafskipti fyrst og fremst stjórnmálaflokkum og starfsemi þeirra. Væru menn pólitískir fyrir það eitt að taka afstöðu til íslenskra varnarmála, þá væri svo til hvert mannsbarn pólitískt, því yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar tekur eindregna afstöðu til þeirra mála. Hér er því ekki um óhreinskilni að ræða í svari Vigdísar heldur í mesta lagi ónákvæmni; ónákvæmni sem er eðlileg og afar algeng í blaðavíðtölum eins og því sem Þorsteinn vitnar til.

Síðar í sjónleik sínum er Þorsteinn svo með dylgjur um að Vigdís fari ekki með rétt mál



Grein eftir Kjartan Gunnar Kjartansson

þegar hún segist vera óflokksbundin. Þessar dylgjur eru vægast sagt ósmekklegar og öldungis út í hött.

Kommúnistar og þjóðniðingar

Engum blandast hugur um að herstöðin á Miðnesheiði og þátttaka Íslands í varnarsamstarfi vestrænna þjóða, er viðkvæmasta deiluefnið í sögu íslenskra lýðveldisins. Sú staðreynd er skiljanleg en þó engan veginn fagnadarefni. Það eru viðkvæmar deilur aldrei.

Við mættum öll hluga það hvað þessi deila hefur kostað Íslendinga. Hún hefur sóað kröftum sem betur hefðu verið nýttir til uppbyggilegri málefna. Hún hefur oftast en einu sinni verið beinn eða óbeinn valdur að alvarlegum stjórnaarkreppum hér á landi. Hún hefur klofið þjóðina í baráttu hennar fyrir íslenskir landhelgi. Og hún hefur ekki aðeins klofið þjóðina, heldur einnig losað vina- og fjölskyldubönd. Hún hefur myndað gjá tortryggni og skiln-

ingsleysis sem oft er erfiðari yfirferðar en þær sem gefur að líta á hinum forna þingstað þjóðarinnar. Síðast en ekki sist hefur hún kallað fram og stigmagnað það versta í fari manna þegar tveir deila.

Við sem stöðjum aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu höfum oft, mátt heyra því haldið á loft að við séum föðurlandssvikarar og þjóðniðingar. Þorsteinn og félagar hans eru ekki einir um að hafa fengið kaldar kveðjurnar. Af svipuðum ástæðum hefur um árabil verið svo til ógerlegt fyrir nokkurn Íslending að lýsa andúð sinni á því, að á Íslandi sé herstöð eins mesta herveldis sögunnar, án þess að verða um leið stimplaður alræmdur kommúnisti sem virðir hvorki lög né rétt heldur berst með oddi og egg fyrir því að afnema hér bæði lýðræði og mannréttindi.

Hvoru tveggja eru dæmi um ofstæki einföldninga sem hafna sjálfstæðri hugsun og skynsamlegum rökræðum. Og hvoru tveggja eru því miður alltof algeng dæmi um ályktanir sem dregnar eru í þessu viðkvæma deilumáli.

Nú vil ég taka það fram að fordómur af þessu tagi koma hvergi skýrt fram í sjónleik Þorsteins. En hitt er svo annað mál og sínu alvarlegra, að sjónleikurinn í heild og markmiðið með honum verður ekki skilið nema í ljósi þessara fordóma. Þorsteinn veit af fordómunum og hann jafnvel treystir á þá. Hann treystir því að menn lesi á milli línanna. Eða til hvers annars væri hann að grafa upp níttján ára gamla Þjóðviljafrétt þess efnis að Vigdís hafi þá gengið Keflavíkurgöngu og Páll Bergþórsson veðurfræðingur, haldið ræðu, sem ekki fjallaði um veðurhorfur næsta sólarhring?

„Til er gamalt spakmæli...“

Reyndar örðar á öfgunum hjá Þorsteini þegar hann skiptir mönnum í góða menn og vonda eftir stjórnmálaskoðunum. Hann